

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 71/1996.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)
gegn

Birni Kristjánssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1996 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds til þvingingar refsingar. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst þess, að refsing verði milduð frá héraðsdómi og hún skilorðsbundin.

Ákærði er sóttur til saka fyrir að hafa haft í vörslum sínum árið 1995 40 grömm af hassi, 40 grömm af amfetamíni og 17 töflur af fíkniefninu MDMA, svokallaðri alsælu, og selt megnið af þessum efnum, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Ákærði játaði alla þessa háttsemi fyrir héraðsdómi. Vörslur og sala ákærða á hassi varða við 5. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, svo sem lögum var breytt með lögum nr. 60/1980 og 13/1985. Vörslur og sala ákærða á amfetamíni varða við 5. gr., sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og 13/1985, svo og reglugerð nr. 16/1986 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, en vörslur og sala á fíkniefninu MDMA varða við sömu ákvæði ásamt reglugerð nr. 177/1986.

Við mat á refsingu ákærða verður að líta til þess, að brot hans varðar talsvert magn af stórhættulegum fíkniefnum, sem hann seldi að hluta unglíngum. Hann hafði jafnframt að eigin sögn 94.500 krónur í hagnað af sölu efnanna. Ákærði gaf á hinn bóginn greiðlega upplýsingar um brot sín, þegar lögregla tók skýrslu af honum öðru sinni, viku eftir að uppvíst varð um þau. Þá verður einnig að

líta til aldurs ákærða og framferðis hans eftir brotið svo og þess, að hann hafði ekki áður gerst sekur um refsivert athæfi, svo að máli skipti í þessu sambandi. Þegar allra þessara atriða er gætt og ákvæða 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir sú refsing hæfileg, sem ákærða er ákveðin í héraðsdómi. Eru ekki efni til að binda refsinguna skilorði.

Fyrir héraðsdómi var af hálfu ákæruvalds komið á framfæri leiðréttingu á ákæru í þinghaldi 1. nóvember 1995, hvað varðar kröfu um upptöku fíkniefna, sem með réttu átti að beinast að 12 grömmum af amfetamíni og 0,5 grömmum af hassi. Gætti héraðsdómari ekki að leiðréttingu þessari í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt framangreindu verður héraðsdómur staðfestur með þeirri breytingu, að ákvæði um upptöku verða í samræmi við endanlegar kröfur ákæruvaldsins. Verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en upptöku.

Ákærði, Björn Kristjánsson, sæti upptöku á 12 grömmum af amfetamíni og 0,5 grömmum af hassi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 29. desember 1995.

Ár 1995, föstudaginn 29. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-1015/1995: Ákæruvaldið gegn Birni Kristjánssyni.

Málið, sem tekið var til dóms á þingfestingardegi 14. þessa mánaðar, er höfðað með svofelldri ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 25. september sl., á hendur „... Birni Kristjánssyni, Svínaskálahlíð 21, Eskifirði, fæddum 9. október 1972, fæðingarnúmer 580, fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa fyrri hluta árs 1995 haft í vörslum sínum 40 g af hassi, 40 g af amfetamíni og 17 töflur af metýlendíoxímetamfetamíni

(MDMA) og selt af því efni, sem hann hafði í vörslum sínum, Björgvin Ómarssyni, fæddum 21. ágúst 1971, 25 g af amfetamíni, um 30 g af hassi og 9 töflur af MDMA, Halli Kristjáni Jónssyni, fæddum 16. febrúar 1976, 2 g af amfetamíni og 4 töflur af MDMA og Hilmarí Hilmarssyni, fæddum 23. september 1977, 3 g af amfetamíni, 3 g af hassi og 4 töflur af MDMA á 1.300 krónur hvert gramm af hassi, 4.000 til 5.000 krónur hvert gramm af amfetamíni og 4.000 til 4.500 krónur hverja töflu af MDMA, en lögregla fann 12 g af amfetamíni og 0,5 g af hassi við leit í bifreið ákærða þriðjudaginn 11. júlí 1995.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upp-töku á 12 g af hassi og 0,5 g af amfetamíni samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986“.

Verjandi ákærða hefur krafist þess aðallega, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sektar, en til vara vægustu skilorðsbundinnar varðhaldsrefsingar, sem lög leyfi. Þá krefst verjandi þóknunar að mati réttarins.

Farið var með málið skv. ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en ákærði hefur fyrir dómi skýlaust játað þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, og samræmist sú játning gögnum málsins. Ákærði telst því hafa gerst sekur um brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, eins og getið er í ákæru, og eru þau þar réttilega færð til refsíakvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst ákærði undir dómsátt á árinu 1991 vegna umferðarlagabrots.

Horfa verður til þess, að brot ákærða lúta m. a. að sölu á töluverðu magni af mjög hættulegum efnum. Með vísan til þess og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 telst refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem vísað er til í ákæru, er fallist á kröfu um upp-töku á tólf grömmum af hassi og hálfu grammi af amfetamíni.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björn Kristjánsson, sæti fangelsi átta mánuði.

Upptæk skulu gerð tólf grömm af hassi og hálf grammi af amfetamíni.

2126

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs
verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 30.000 krónur.
